

SUMAR Á BLÖNDUÓSI 2021



EFNISYFIRLIT

USAH bls. 3 / Skotfélagið Markviss bls. 4 / Bókasafnið á Blönduósi bls. 6 / Frjálsíþróttadeild Hvatar bls. 8 / Galsi reiðnámskeið bls. 10 / Vinnuskóli Blönduósbæjar 2021 bls. 12 / Knattspyrnudeild Hvatar bls. 14 / Sumarfjör bls. 16



Blönduósbaer

KÆRU ÍBÚAR BLÖNDUÓSBÆJAR



Í þessum bækling er að finna allar helstu upplýsingar um Íþrótt- og tómstundastarf á Blönduósi sumarið 2021. Á Blönduósi er fjölbreytt úrval af afþreyingu og útivistarmöguleikum fyrir unga sem aldna.

Seinasta ár hefur verið einstakt og ekki hefur verið hægt að halda úti hefðbundnum félagsstörfum og æfingum. Það er útlit fyrir bjartari tíma og vonumst við til að hægt verði að halda úti allri frístundastarfsemi án takmarkana næsta haust.

Nýverið var gefið út viðburðadagatal Blönduósbæjar, þar koma fram allar helstu upplýsingar um viðburði sem haldnir eru í sveitarfélaginu, hver sem er getur sent inn sinn eigin viðburð. Við hvetjum fólk til að nýta sér þetta dagatal til að koma viðburðum á framfæri.

Hér má sjá viðburðadagatal Blönduósbæjar <http://www.blonduos.is/is/baerinn/dagatal>

Meðal viðburða á Blönduósi sumar eru:

11.-13. júní Prjónagleði: Dagskrá hátíðarinnar má finna á www.textilmidstod.is

10.-11. júlí Smábæjaleikar: Allar upplýsingar á heimasíðu mótsins www.hvot.torneopal.com

15.-18. júlí Húnavaka: Dagskrá og aðrar upplýsingar um hátíðina er að finna á facebooksíðu hátíðarinnar www.facebook.com/hunavaka.

Útgefandi: Blönduósbær

Ábyrgðarmaður: Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, menningar-, Íþrótt- og tómstundafulltrúi Blönduósbæjar

Netfang: kristin@blonduos.is

Ljósmyndir: Róbert Daníel Jónsson og ýmsir



Sjá nánar **HÉR**

USAH

Ungmennasamband Austur-Húnavetninga (USAH) var stofnað 30. mars árið 1912. Aðildafélög USAH eru 10 talsins og er unnið öflugt íþróttastarf í allri sýslunni af aðildafélögum sambandsins.

Aðildafélög USAH eru:

Ungmennafélag Bólstaðarhlíðarhrepps
Ungmennafélagið Geislar
Ungmennafélagið Hvöt
Ungmennafélagið Fram
Golfklúbburinn Ós
Golfklúbbur Skagastrandar
Hestamannafélagið Neisti

Hestamannafélagið Snarfari
Júðfélagið Pardus
Skotfélagið Markviss

USAH stendur fyrir nokkrum viðburðum sumarið 2021 líkt og fyrri ár og eru þeir eftirfarandi:

6.-7. júlí 2021: Héraðsmót USAH í frjálsum íþróttum á Blönduósvelli.

14. júlí 2021: Barnamót USAH á Skagaströnd.

17. júlí 2021: Blönduhlaup USAH á Blönduósi.

Viðburðirnir eru opnir öllum og hægt verður að finna frekari upplýsingar um hvern og einn viðburð á Facebook síðu USAH og heimasíðu sambandsins www.usah.is



SKOTFÉLAGIÐ MARKVISS



Æfingar sumarið 2021


Djálfarar á þessum æfingum eru allir með þjálfaramenntun frá Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands og/eða Alþjóða skotíþróttasambandinu (ISSF). Almennar æfingar verða á miðvikudagskvöldum frá kl. 19.30 - 21.00 (hagla og riffilgreinar). Einnig býður félagið upp á hópamóttökur á öðrum tímum. Líkt og undanfarin ár mun Skotfélagið Markviss vera með fastar æfingar í hverri viku yfir sumartímann frá 1. maí til lok ágúst. Byrjenda/unglinga æfingar verða á þriðjudagskvöldum frá kl. 19.30 - 21.00 (hagla- og riffilgreinar).

Æfingarnar eru ætlaðar byrjendum frá 15 ára aldri og verður áhersla lögð á öryggisatriði, rétta líkamsbeitingu og grunnatriði í skotfimi. Athygli er vakin á að foreldri/forráðamaður þarf að undirrita svokallað „foreldraleysi“ til að viðkomandi unglingur megi stunda æfingar í skotfimi.

Nánari upplýsingar í síma 847 8686 og hægt að senda tölvupóst á netfangið kronos@simnet.is. Einnig bendum við á facebook síðu félagsins og heimasíðuna www.markviss.net þar sem koma inn upplýsingar um æfingar og breytingar ef einhverjar verða.



[Sjá nánar HÉR](#)



BÓKASAFNIÐ Á BLÖNDUÓSI

Héraðsbókasafn í Austur-Húnavatnssýslu

Opunartími í sumar: Mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 13:00-17:00. Þriðjudaga kl. 10:00-16:00. Fyrsti laugardagur í mánuði, kl. 13:00-17:00.

Heimilisfang: Hnúkabyggð 30, 540 Blönduós. Heimasíða Blönduósbæjar. Allir viðburðir eru auglýstir á facebooksíðu safnsins.

Héraðsbókasafn í A-Hún er almenningsbókasafn staðsett að Hnúkabyggð 30 á

Blönduósi. Safnið er öllum opin og býður upp á skemmtileg les- og leiksvæði fyrir börn og vinnurými fyrir unglina. Við tökum á móti leikskólabörnum og skólahópum, bjóðum upp á leiðsögn um safnið, aðstoð við heimildaleit (t.d. vegna ritgerða) og viðburðir (bóka-bíó, ratleikir og sumarlestur). Árlega er keypt mikið úrval af nýjum bókum og tímaritum. Einnig er úrval af spilum, púslum og hljóðbókum.

Börn að átján ára aldri fá frítt skírteini.



[Sjá nánar HÉR](#)



Sjá nánar HÉR

FRJÁLSÍÞRÓTTAÐEILD HVATAR

Starf sumarsins



Æfingar fyrir 7 – 10 ára (2014 – 2011)

Mánudögum og miðvikudögum frá kl. 10-11, byrjum 7. júní. Þjálfarar eru Jóhanna Björk Auðunsdóttir og Dögun Einarsdóttir.

Æfingar fyrir 11 – 16 ára (2010 - 2005)

Mánudögum og miðvikudögum kl. 17-18:15, byrjum 7. júní. Þjálfarar eru Krístrún Hilmarsdóttir, Steinunn Hulda Magnúsdóttir og Þóra Karen Þorleifsdóttir

Umsjónarmaður æfinga er Steinunn Hulda s: 869-4857, netfang steinamagg@gmail.com. Stefnt er að því að vera með fullorðins frjálssar nokkur skipti í sumar, nánar auglýst síðar. Facebooksíða frjálssíþróttadeildarinnar er:

- Frjálssíþróttadeild Hvatar
- Lokaður facebookhópur fyrir foreldrana og iðkendur er frjálssar íþróttir – blönduósi.




Stjórn frjálssíþróttadeildar Hvatar

Formaður: Steinunn Hulda Magnúsdóttir
 Varaformaður: Ingvar Sigurðsson
 Gjaldkeri: Viktoría Björk Erlendsdóttir
 Ritari: Katharina Schneider





GALSI REIÐNÁMSKEIÐ



Sumarið 2021

Reið- og leikjanámskeið fyrir 4-6 ára
7. júní – 11. júní frá kl: 11:00-12:30.
Verð: 20.000 krónur.

Reið- og leikjanámskeið fyrir 7-10 ára
7. júní - 11. júní frá kl: 13:30-15:00.
Verð: 20.000 krónur.

Reið- og leikjanámskeið fyrir 11-15 ára
6. júlí – 10. júlí frá kl. 13:30-15:00.
Verð: 20.000 kr.

Skemmtileg 5 daga leikjanámskeið þar sem við tvínum saman útivist, sveitasælu og leiki með hestaívafi. Einnig erum við með í boði reiðtúra á bökkum Vatnsdalsár, heimsókn í hesthús og hestaferðir. Allar upplýsingar og bókanir fara fram á vefsíðunni okkar www.steinnes.is.

Hestaleigan Galsi sími: 659-1523
info@steinnes.is
galsihorserent@gmail.com



Sjá nánar [HÉR](#)



[Sjá nánar HÉR](#)



VINNUSKÓLI BLÖNDUÓSBÆJAR 2021



Vinnuskóli Blönduósbæjar hefur aðsetur í þjónustumiðstöð sveitarfélagsins.

Flokkstjórar sumarið 2021 eru:

Örn Haukur Einarsson, Gísli Ragnarsson og Kristjana Diljá Wüum.

Um vinnutíma Vinnuskólans

Eins og undanfarin ár verður Vinnuskólinn starfræktur í sumar. Þar gefst unglingum

í 7. – 10. bekk tækifæri á að vinna yfir sumartímann.

Vinnutímarnir eru á þessa leið:

7. bekkur frá kl. 8-12, **mánudaga til fimmtudaga**. Þau hefja störf 21. Júní til og með 16. Júlí. 8.-9. bekkur frá kl. 8-12 og kl. 13-16,

mánudaga til fimmtudaga. Þau hefja störf 7. Júní til og með 30. Júlí. 10. bekkur frá kl. 8-12 og kl. 13-16, **mánudaga til föstudaga**. Þau hefja störf 7. Júní til og með 30. Júlí.

Helstu verkefni

Við sjáum um að sópa og hreinsa gangstéttar, umhirðu gróðurs, rakstur, gróðursetningu, aðstoð við leikjanámskeið og önnur tilfallandi verkefni. Unglingar sem voru að koma úr 10. bekk aðstoða einnig við slátt eftir þörfum.

Frekari upplýsingar

Umsjónarmaður Vinnuskólans: Snjólaug M. Jónsdóttir (s: 848-2760). Ábyrgðarmaður Vinnuskólans er Ágúst Þór Bragason





ÆFINGAÁÆTLUN Sumaráætlun 2021

Þjálfari
Jóhann Magni
S: 894-8502

MÁNUDAGUR	
09:00-10:00	6 flokkur (3-4 bekkur)
11:00-12:00	7 flokkur (1-2 bekkur)
13:00-14:00	5 flokkur (5-6 bekkur)
14:00-14:40	8 flokkur (leikskóli)
16:15-17:00	4-3 flokkur (7-10 bekkur)

ÞRIÐJUDAGUR	
09:00-10:00	7 flokkur (1-2 bekkur)
10:00-11:00	5 flokkur (5-6 bekkur)
11:00-12:00	6 flokkur (3-4 bekkur)
16:15-17:15	Stelpuæfing(5-3 flokkur)
16:15-17:15	4-3 flokkur (7-10 bekkur)

MIÐVIKUDAGUR	
09:00-10:00	6 flokkur (3-4 bekkur)
10:00-11:00	5 flokkur (5-6 bekkur)
11:00-12:00	7 flokkur (1-2 bekkur)
16:15-17:00	4-3 flokkur(7-10 bekkur)

FIMMTUDAGUR	
09:00-10:00	7 flokkur (1-2 bekkur)
10:00-11:00	5 flokkur (5-6 bekkur)
11:00-12:00	6 flokkur (3-4 bekkur)
15:00-15:40	Markmenn (5-3 flokkur)
16:15-17:15	4-3 flokkur (7-10 bekkur)

birt með fyrirvara um breytingar sem verða þá tilkynntar af knattspyrnudeild

KNATTSPYRNUDEILD HVATAR



Þjálfari er Jóhann Magni Jóhannsson,
sími: 894 8502, netfang:
hvotthjalfari@simnet.is

Knattspyrnudeildin heldur úti tveimur
facebooksíðum:

- Knattspyrnudeild Hvatar
- Knattspyrnudeild Hvatar- foreldrahópur.

Knattspyrnudeild Hvatar stendur fyrir
öflugu barna- og æskulýðsstarfi en hjá
deildinni eru um 80 – 100 iðkendur alla
jafna en fer þó aðeins eftir árstíðum. Þetta
eru börn búsett á Blönduósi og nágrenna-
sveitarfélögum eins og Húnavatnshrepp.

Deildin heldur úti knattspyrnuæfingum fyrir
8. - 3. flokk stúlkna og drengja allt árið um
kring. Mikið og gott starf er unnið á vegum
deildarinnar og reynt er að fara með
flokkana á hin ýmsu fótboltamót víðsvegar
um landið ásamt því að halda úti liðum í

Íslandsmóti í 5. - 3. flokki, oft í samstarfi við
íþróttafélög nágrennasveitarfélaga.

Hápunktur knattspyrnudeildarinnar eru
Smábæjaleikarnir sem verða haldnir
10.-11. júlí n.k. á Blönduósi.

Stjórn knattspyrnudeildar skipa:

Heiðar Þórisson, formaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, gjaldkeri
Birna Ágústsdóttir, meðstjórnandi
Aðalbjörg Valdimarsdóttir, meðstjórnandi
Guðmann Valdimarsson, meðstjórnandi



SUMARFJÖR

Skemmtileg og fjölbreytt sumardagskrá þar sem börnum á aldrinum 6-10 ára (2011-2015) stendur til boða að sækja námskeið á vegum Blönduósbæjar í sumar í samstarfi við fyrirtæki, stofnanir og íþróttafélög. Um er að ræða Sumarfjör þar sem lögð er áhersla á leiki, skemmtun og fræðslu. Boðið er upp á íþróttir, leiki, listir, fræðslu, kassabílasmiði, vettvangsferðir, sundpartý, matreiðslunámskeið og ýmislegt fleira. Sumarfjör verður eftir hádegi alla virka daga frá kl. 13:00-16:00.

Í facebook hóp Sumarfjör, Sumarfjör á Blönduósi verða settar inn allar upplýsingar t.d. ef einhverjar breytingar verða á dagskrá o.fl.

Gjaldskrá fyrir Sumarfjör Blönduósbæjar sumarið 2021 er eftirfarandi:

1 vika 4.000 kr
2 vikur 6.000 kr
3 vikur 8.000 kr
4 vikur 10.000 kr
5 vikur 12.000 kr
6 vikur 14.000 kr

Systkinaafsláttur er 50% fyrir systkini sem eru skráð sömu vikuna í Sumarfjör.

Krafa mun birtast í heimabanka greiðanda.

Skráning fer fram hér, fyrir 3.júní 2021.

Yfirumsjón með Sumarfjóri hefur Kristín Ingibjörg Lárusdóttir menningar-, íþrótta- og tómstundafulltrúi Blönduósbæjar. Netfang kristin@blonduos.is, sími: 691-8686.

Flokkstjóri Sumarfjör er: Guðrún Tinna Rúnarsdóttir s: 858-1881. Aðrir starfsmenn Sumarfjör eru krakkar úr Vinnuskólanum. Mæting alla daga er í húsnæði sem hýsti Stóra Fjallabæ (við félagsheimilið), við endum alla daga þar líka, nema annað komi fram. Gert er ráð fyrir að allir mæti með hollt



og gott nesti. (Gos, orkudrykkir og sælgæti er ekki leyfilegt). Gott að hafa með sér vatnsbrúsa líka. Mikilvægt er að börnin séu klædd eftir veðri. Minnum á sólarvörn.

Sumarfjör Blönduósbæjar 2021

Vikan 7. júní-11. júní - kassabílasmiði

Mánudagur:

Kynning og hópeflisleikir

Þriðjudagur:

Kassabílasmiði í samstarfi við Stíganda

Miðvikudagur:

Kassabílasmiði í samstarfi við Stíganda

Fimmtudagur:

Kassabílasmiði í samstarfi við Stíganda

Föstudagur:

Kassabílasmiði í samstarfi við Stíganda

Vikan 14. júní-18. júní - útivist og gönguferðir

Mánudagur:

Gönguferð um Blönduós, kynnumst nærumhverfinu

Þriðjudagur:

Sílaveiði í Vatnahverfi

Miðvikudagur:

Hjólaferð

Fimmtudagur:

Þjóðhátíðardagurinn 17.júní- kassabílarallý

Föstudagur:

Fjöruferð í Selvík

Vikan 21. júní-25. júní - ýmislegt skemmtilegt

Mánudagur:

Listadagur með Inese

Þriðjudagur:

Listadagur með Inese

Miðvikudagur:

Heimsókn á bókasafnið

Fimmtudagur:

Matreiðslunámskeið

Föstudagur:

Matreiðslunámskeið

Vikan 28. júní-2. júlí - íþróttafífið á Blönduósi

Mánudagur:

Kynning - Júðofélagið Pardus

Þriðjudagur:

Kynning - Knattspyrnudeild Hvatar

Miðvikudagur:

Kynning - Sunddeild Hvatar-sundlaugarpartý

Fimmtudagur:

Kynning - Körfuboltadeild Hvatar

Föstudagur:

Kynning hjá Golfklúbbum Ós

Vikan 5. júlí - 9. júlí - Viðbragðsaðilarnir okkar

Mánudagur:

Prautardagur-Minute to win it

Þriðjudagur:

Skoðunarferð og fræðsla um Brunavarnir í A-Hún

Miðvikudagur:

Skoðunarferð og fræðsla um starf lögreglunnar

Fimmtudagur:

Skoðunarferð og fræðsla um sjúkrabíla

Föstudagur:

Skoðunarferð og fræðsla um Björgunarfélagið Blöndu

Vikan 12. júlí-16. júlí - Leikir og fjör

Mánudagur:

Rattleikur um Blönduós

Þriðjudagur:

Kynning á starfsemi frjálsíþróttadeildar Hvatar

Miðvikudagur:


Fjör, leikir og grill á skólalóðinni

Fimmtudagur:

Fegrum bæinn okkar-ruslið burt

Föstudagur:


Sirkusnámskeið (líka fyrir eldri krakkana 10-12 ára)



Sjá nánar HÉR



Sjá nánar HÉR



GOLFKLÚBBURINN ÓS

Vatnahverfisvöllur

Golfklúbburinn Ós var stofnaður árið 1985. Völlurinn fékk nafnið Vatnahverfisvöllur og er staðsettur í fallegu umhverfi í Vatnahverfi rétt utan við Blönduós. Völlurinn er 9 holur, par 35. Félagar eru í kringum fjörutíu.

Vallargjald:

Fullt gjald: 2.500
Ungmenni: 1.500
Helgarpassi: 4.500
Vikupassi: 7.000

Árgjald:

Eldri borgarar og nýliðagjald fullorðinna (Nýliðar greiða sama gjald og eldri borgarar) : 24.750
Fullorðnir: 49.500
Ungmenni : 17 – 21 árs 24.750
Börn : 0 – 12 ára 5.000
Börn: 13-16 ára 12.000 kr
Fjaraðild: 30.000

Golfkennsla sumarið 2021

Atli Freyr Rafnsson verður með golfkennslu

í sumar fyrir börn og unglinga. Kennslan fer fram á fimmtudögum kl. 16.30 – 18.30 og er fyrsta tíminn fimmtudaginn 3. júní. Námskeiðið er innifalið í árgjaldi fyrir skráða féлага ásamt aðgengi að vellinum í sumar. Skráning í golfklúbbinn og á námskeiðið berist á netfangið jgjon@mi.is fyrir 30.maí n.k. Allar upplýsingar eru settar inn á facebooksíðuna Golfklúbburinn Ós á Blönduósi.

Heiðar Davíð Bragason PGA kennari verður með golfkennslu fyrir nýliða og lengra komna laugardaginn 5. júní. Mánudaginn 7. júní verður hann með golfkennslu fyrir börn og unglinga. Heiðar Davíð kemur aftur í sumar og verða dagsetningar auglýstar síðar. Skráningar í kennslu hjá Heiðari skulu sendar á jgjon@mi.is fyrir 30.maí n.k.

Allar upplýsingar eru settar inn á facebooksíðuna Golfklúbburinn Ós á Blönduósi <https://www.facebook.com/golfgos>





Íþróttamiðstöðin
Blönduósi



Sundlaug - Íþróttahús - Þreksalur



Thermal pool & Fitness Center

Sumar opnun / Summer opening hours

1. júní til 20. ágúst / 1. June to August 20th

Virka daga / Mondays - Fridays 8:00 - 21:00

**Laugardaga og sunnudaga / Saturdays and Sundays
10:00 - 20:00**

Athugið - Please note:

- Hætt er að hleypa ofan í sundlaugina 30 mín. fyrir lokun.
- There is no admittance 30 minutes before the listed closing time.

www.imb.is

455 4780